

# Samningur

## fjármála- og efnahagsráðuneytis við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála um eflingu nýsköpunar í opinberum rekstri

Fjármála- efnahagsráðuneytið, kt. 460269-2969 og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, kt. 610705-0220, í samningi þessum nefnt Stjórnsýslustofnun, gera með sér svofelldan samning um eflingu nýsköpunar í opinberum rekstri:

### 1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

1. bæta nýtingu og meðferð almannafjár með því að styðja við og stuðla að nýsköpun í opinberum rekstri.
2. auka getu stofnana til að efla þjónustu við almenning með því að bæta hæfni og þekkingu innan ríkisstofnana og ráðuneyta á sviði nýsköpunar.
3. stuðla að auknu samstarfi á sviði nýsköpunar á milli ríkisstofnana og aðila á einkamarkaði.
4. styðja við rannsóknir og þróun nýsköpunar á Íslandi.

1.2. Starfsemi

#### *Ráðgjöf og samstarf*

1. Veita ráðgjöf og leiðbeiningar um að hrinda nýsköpunarverkefnum á sviði opinberrar þjónustu í framkvæmd.
2. Skapa vettvang fyrir umræðu afmarkaðra úrlausnarefna í opinberum rekstri með þátttöku fræðimanna, sérfræðinga og þeirra sem daglega starfa við opinbera þjónustu.
3. Leita samstarfs við erlenda aðila á sviði nýsköpunar í opinberum rekstri.
4. Leita samstarfs við innlendar stofnanir sem vinna að nýsköpunarmálum, s.s. Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannís.
5. Efla tengsl og þekkingarmiðlun á sviði nýsköpunar á milli ríkisstofnana og aðila á einkamarkaði.

#### *Rannsóknir og þróun*

1. Rannsaka árangur einstakra stjórnunaraðferða með hliðsjón af nýsköpun og þróun hins opinbera og birta þær með aðgengilegum hætti.
2. Eiga frumkvæði að einstökum verkefnum á sviði nýsköpunar í þjónustu, stjórnun og rekstri opinberra stofnana.
3. Afla og viðhalda upplýsingum um stjórnunaraðferðir og aðferðir við að veita opinbera þjónustu, m.a. með rannsóknum og gerð samantekta um niðurstöður erlendra og innlendra aðila.

#### *Upplýsingamiðlun*

1. Hafa umsjón með nýsköpunarráðstefnu og undirbúningi vegna nýsköpunarverðlauna í opinberum rekstri.
2. Hafa umsjón með [www.nyskopunarvefur.is](http://www.nyskopunarvefur.is), alhliða upplýsingasíðu um nýsköpun í opinberum rekstri.
3. Halda námskeið á sviði nýsköpunar um nýjar leiðir í opinberum rekstri.

## 2. Forsendur sammings og greiðslur

- 2.1. Framlag ríkisins til sammings þessa er 2 m. kr. árið 2013 og 2 m. kr. árið 2014.
- 2.2. Ráðuneytið greiði árlega framlag sem hér segir:  
Í tveimur jöfnum hlutum, við undirskrift sammings, 1. september 2013, 1. mars 2014 og 1. september 2014. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Stjórnsýslustofnunar.
- 2.3. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til sammingsins taka aðilar upp viðræður um framgang verkefnisins.
- 2.4. Líta ber á að verkefni framkvæmd á grundvelli þessa sammings séu unnin í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið.

## 3. Ábyrgð styrkþega

- 3.1. Stjórnsýslustofnun ber ábyrgð á verkefninu og skal fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði. Stofnunin skal leggja gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Stjórnsýslustofnun ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún stofnar til í tengslum við samning þennan.

## 4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefnisins

- 4.1. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd sammingsins.
- 4.2. Fulltrúi ráðuneytisins og Stjórnsýslustofnunar funda að lágmarki árlega um samninginn.
- 4.3. Stjórnsýslustofnun skilar ráðuneytinu áætlun um það hvernig áætlað er að ráðstafa framlaginu á samningstímanum fyrir lok maí 2013.
- 4.4. Í lok samningstímans skilar Stjórnsýslustofnun ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd sammingsins, hver staða verkefna er og hvernig framlaginu var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 4.5. Samning þennan og greinargerð um framkvæmd sammings og úttektarskýrslur skal birta á vef Stjórnsýslustofnunar jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 4.6. Stjórnsýslustofnun skal setja á [www.nyskopunarvefur.is](http://www.nyskopunarvefur.is) efnislegar afurðir verkefnisins, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.

## 5. Gildistími og lok sammings

- 5.1. Samningurinn gildir til 31. mars 2015.
- 5.2. Óski sammingsaðili að semja um áframhald eftir gildistíma sammingsins skal hann koma því á framfæri fyrir lok árs 2014.
- 5.3. Óski aðili eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 14. mars 2013

---

Katrín Júlíusdóttir  
Fjármála- og efnahagsráðherra

---

Ómar H. Kristmundsson  
Formaður stjórnar Stofnunar  
stjórnsýslufræða og stjórnmála